

Góðir gestir fyrir hönd útskriftarnema, vil ég bjóða ykkur öll hjartanlega velkomin á útskrift Fjölbrautaskóla Snæfellinga haustið 2008.

Fjölbrautarskólinn var stofnaður árið 2004 og hefur verið í mótun síðan og eru ennþá að koma inn hinar ýmsu hefðir og athafnir sem að allir nemendur skólans hafa tekið þátt í að móta ásamt kennurum og starfsmönnum.

Sum okkar hér í dag hafa verið í skólanum alveg frá byrjun hans og aðrir komu inn aðeins seinna en öll höfum við lagt okkar besta í að gera skólann sem skemmtilegastan og flottastann.

Þegar ég var í 10. bekk í Grunnskólanum í Stykkishólmi voru allir kennararnir að tala um FSN, hvort við ætluðum ekki að fara þangað, og dásömuðu hann í alla staði.

Ég var alveg harðákveðin í því að ég myndi sko ekki fara í FSN. Ég hélt því fram að þetta væri ömurlegur skóli, í 1. lagi var hann í Grundarfirði, í 2. lagi voru engar kennslustofur og í 3. lagi voru svo fáir tímar á dag að ég nenni sko ekki að hanga í Grundarfirði í engum kennslustofum allan daginn.

Svo veit ég ekki alveg hvað kom yfir mig, ég ákvað að gefa þessum skóla séns, ég fór og skráði mig í FSN. Ég sé svo engan vegin eftir þessari ákvörðun minni.

Mér bara datt aldrei í hug hvað það yrði skemmtilegt í þessum

skóla. Ég tók þátt í félagslífinu og félagsstarfinu og kynntist helling af rosalega skemmtilegu fólki.

Ég hef oft hugsað út í það hvað það er gott að geta bara verið heima og haft skóla svona nálægt.

Einnig finnst mér mjög gott hvað þessi skóli er lítill. Það þekkja eiginlega allir alla og maður þekkir kennarana rosalega vel. Ég held að það sé gott fyrir nemendur að þekkja kennarana og hafa svona góð tengsl sín á milli.

Ég hef mikla trú á þessum skóla og kensluháttunum sem hann býður uppá. Mér finnst við hafa meira val, og meiri möguleika á að stunda nám hér en annarstaðar á landinu.

Það er alltaf að bætast við fólk sem hefur hætt í námi og eldra fólk sem vill klára skólann og hefur það sett mjög skemmtilegan svip á skólann.

Ég hef fulla trú á því að þessi skóli undirbúi mann alveg rosalega fyrir háskóla með þessum kennsluháttum að vinna mikið sjálfur og hugsa mikið sjálfur um sitt nám. Ég held að það þroski mann og kenni manni að gera hlutina sjálfur án þess að þurfa að treysta of mikið á aðra.

Ég vil fyrir hönd útskriftarnema þakka kærlega fyrir þessi ár sem við höfum verið í þessum skóla og kveðjum við öll í dag með söknuði.

Góðir gestir,

Útskriftarnemar Fjölbrautaskóla Snæfellinga 19. desember 2008

þakka kærlega fyrir sig.